

Reykholahreppur  
Maríutröð 5a  
380 Reykholahreppur

Stykkishólmi 29. október 2025

### Efni: Breyting á aðalskipulagi vegna Króksfjarðarness – skipulagstillaga í auglýsingu

Breiðafjarðarnefnd hefur fengið til umsagnar auglýsta tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir Króksfjarðarnes í Reykholahreppi.

Nefndin tekur undir það sem fram kemur í kafla „2.3 – Verndarsvæði og minjar“ um verndarsvæði Breiðafjarðar. Í tillögunni eru settar fram áherslur á verndunar Breiðafjarðar sem þegar hafa verið staðfestar í aðalskipulagi Reykholahrepps.

Breiðafjarðarnefnd bendir á mikilvægi grannsvæða fyrir framtíðarvernd Breiðafjarðar, sem og verndargildi svæðisins, sem hafa verið staðfest í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014–2019.<sup>1</sup> Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að líta til landslagsheildar Breiðafjarðar við alla uppbyggingu á svæðinu.

Nefndin telur jafnframt að sérstaklega þurfi að hafa lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar til hliðsjónar við skipulag fyrirhugaðrar uppbyggingar á reit H-7 þar sem gert er ráð fyrir smábáta- og ferjubryggju. Breiðafjarðarnefnd hvetur til að skoðaður verði sá möguleiki að endurbyggja bryggju við Króksfjarðarnes til að koma í veg fyrir rask á náttúrulegum fjörusvæðum Breiðafjarðar á reiti H-7.

Að lokum undirstrikar Breiðafjarðarnefnd mikilvægi þess að taka tillit til verndarsvæðis Breiðafjarðar við alla uppbyggingu á svæðinu, jafnvel þótt skipulagssvæðið sé að mestu utan marka verndarsvæðisins samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Landslagsheild Breiðafjarðar er ein af lykilstoðum í framtíðarvernd svæðisins og er samspil milli verndarsvæðisins og grannsvæða þess grundvallaratriði fyrir varðveislu verndargildis svæðisins.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

<sup>1</sup> Breiðafjarðarnefnd. (2014). Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. [https://nytt.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2016/11/vernd\\_2019.pdf](https://nytt.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2016/11/vernd_2019.pdf)